

Auglýsing um skipulag í Ísafjarðarbæ

-Óveruleg breyting á greinargerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Gististaðir, verslanir og veitingahús

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 7. mars 2019 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er tvíþætt og snýr að þjónustustarfsemi.

Annars vegar er um að ræða breytingu á **hafnarsvæði K1** með því að nýju ákvæði er bætt inn í töflu 8.1 í greinargerð skipulagsins. *Gert er ráð fyrir að rýmka heimildir fyrir þjónustu sem er í góðum tengslum við miðsvæði M4. Breytingin er í samræmi við áherslur skipulagsins um það að tengja miðbæinn við m.a. hafnarsvæðið.*

Hins vegar er gerð breyting á ákvæðum fyrir öll íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ varðandi gistipjónustu. Aðalskipulagsbreytingin er gerð í kjölfar breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahaldi nr.85/2007 sem öðlaðist gildi 1.janúar 2017. Markmið breytingarinnar er að skerpa á áherslum skipulagsins um að stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi.

Íbúðarsvæði:

Á íbúðarsvæðum er heimilt að endurútgefa leyfi fyrir starfsemi í flokki II samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, þ.e. gististaði án veitinga. Gæta skal þess að starfsemin valdi sem minnstum óþægindum í íbúðarbyggð. Ekki er heimilt að veita ný leyfi fyrir slíka starfsemi innan íbúðarsvæða.

Uppdráttur breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leyti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytingu.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Axel Rodriguez Överby
-skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar